



Alþingi
Erindi nr. P 133/17
komudagur 30.10.2006

ÍSAFJARÐARBÆR

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Ísafirði, 26. október 2006
2006100093
HH/pp

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um lögheimili og skipulags- og byggingarlög.

Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar þann 23. október s.l., var lagt fram bréf frá félagsmálanefnd Alþingis dagsett 19. október s.l., þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins um frumvarp til laga um lögheimili og skipulags- og byggingarlög, 220. mál, óheimil skráning lögheimilis í frístundabyggð.

Ísafjarðarbær gerir ekki athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum um lögheimili, nr. 21/1990, með síðari breytingum, né skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, með síðari breytingum. Lagabreytingin hefur ekki áhrif í Ísafjarðarbæ, þrátt fyrir að þar sé fjöldi frístundahúsa.

Virðingarfyllst

Halldór Halldórsson
- bærarstjóri -